

Nd.

85. Nefndarátt

um frv. til laga um nýja embættaskipun.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við höfum ekki getað fallist á þá tillögu samnefndarmanna okkar að fella þetta frv. með öllu, heldur hefir okkur þótt rjeltara að bera fram breytingartillögur við það, þannig að feldar verði úr frv. þær sameiningar lögsagnarumdæma, sem okkur virðast öldungis ótiltækilegar, en eftir verði þær einar, sem okkur virðast framkvæmanlegar.

Við erum sammála meiri hluta nefndarinnar um það, að ekki megi gera lögsagnarumdæmin stærri en svo, að sýslumönnum verði eftir sem áður kleift að hafa á hendi formensku sýslunefndanna og þá forustu í hjerads-málum, sem odd-viti sýslunefndar að rjettu lagi þarf að hafa á hendi, til þess að stjórn hjerads-málanna geti farið vel úr hendi. Þess vegna viljum við ekki heldur með nokkru móti gera lögsagnarumdæmin svo víðlend, eða láta hvert þeirra ná yfir svo marga breppa, að sýslumanni verði ókleift að halda manntalsþing, svo sem verið hefir. Við teljum öldungis nauðsynlegt til góðrar hjeradsstjórnar, að sýslumenn kynnist hógum og háttum allra sveita í hjeradinu, og teljum að þingafærðirnar veiti nokkra tryggingu í þá átt.

Út frá þessu sjónarmiði teljum við að ekki geti komið til mála að samþykkja efni 1. gr., sem fer fram á að leggja Borgarfjarðarsýslu undir sýslumanninn í Hafnarfirði. Sá sýslumaður gegnir nú tveim sýslufjelögum, öðru þeirra meðal hinna fjölmennustu á landinu, og bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði. Það nær ekki nokkurri átt, að bæta megi einu sýslufjelagi enn þá við umdæmi hans. Þar með er líka efni 2. gr. sjálffallið, um að leggja Mýrasýslu undir sýslumanninn í Stykkishólmi, enda er engin ástæða til að leggja niður sýslumannsembættið í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þar sem það hjerad hefir nóg störf og verk-efni að bjóða fyrir sýslumann sinn.

Við getum fallist á, að rjett sje að sameina Dalasýslu og Strandasýslu, og vísun til ástæðna þeirra, sem áður hafa verið bornar fram í því máli, og finna má eftir tilvísuninni í aths. stjórnarinnar við frv. En við teljum ekki rjett að setja lagaákvæði um það, hvar sýslumaður skuli búsettur, heldur beri landsstjórninni að setja embættismönnum sínum þau skilyrði í því efni, sem nauðsynleg þykja á hverjum tíma, og berum fram britt. við 3. gr. samkvæmt þessu.

Við teljum einum manni ókleift að rækja embættisstörf sýslumanna og hjeradsstjórn í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.

Við getum ekki fallist á að afnema bæjarfógetaembættið á Siglufirði. Allar þær ástæður, sem rjedu stofnun þessa embættis 1918—1919, eru enn fyrir hendi. Raunverulegur sparnaður virðist enginn geta orðið að afnámi þess, þar sem stjórnin í aths. sinum gerir ráð fyrir, að fulltrúi með dómsvaldi þurfi að vera þar um síldveiditímans, og bærinn auk þess að kosta bæjarstjóra. En hjer við bætist, að við teljum ríkissjóð eiga svo mikilla hagsmuna að gæta á Siglu-firði um tollgæslu, bannlagagæslu og innheimtu tolla og gjalda, einnig utan síld-veiditímans, að það verði með engu móti varið að leggja niður embætti það, sem þessi störf falla nú undir.

Um efni 6. og 7. gr. viljum við taka það fram, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hefir svo miklum störfum að gegna, að það er mikið efamál, hvort bætandi væri við umdæmi hans Rangárvallasýslu einni, og því síður bæði Rangár-vallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, svo sem 7. gr. frv. fer fram á. Hinsvegar sýnist okkur, að það mundi alls ekki ofætlun einum manni að gegna Rangár-vallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, en vandkvæði nokkur á að sameina Austur-Skaftafellssýslu hvort er við þetta umdæmi eða við Suður-Múlasýslu, svo sem 6. gr. stj. frv. fer fram á. Okkur hefir þó fremur sýnst tiltækilegt að sameina Skaftafellssýslur báðar og Rangárvallasýslu í eitt umdæmi heldur en að leggja

Austur-Skaftafellssýslu við Suður-Múlasýslu, sem er æðierfið fyrir, og höfum því orðað tillögu í þá átt, en verðum þó að viðurkenna, að bæði verður þetta umdæmi erfitt yfirsóknar og að sparnaðurinn af sameiningunni verður ekki ýkjamikill.

Að endingu viljum við taka það fram, að þótt við höfum ekki viljað leggja á móti frv. í heild, þar sem í því felst viðleitni til sparnaðar og til þess að draga úr embættabákni landsins, þá erum við þeirrar skoðunar, að í rauninni væri rjettast og affarasælast að koma slíkri embættasameiningu á með því að setja fyrst einn mann til þess að gegna báðum embættunum, og lögleiða sameininguna þegar reynslan hefði sýnt, að hún væri framkvæmanleg. Hyggjum við, að sameiningin gæti þá orðið hjeraðsbúum geðfeldari en ella, ef stjórninni tækist að fá vel hæfan mann settan til þess að þjóna báðum embættum í fyrstu.

Alþingi, 9. mars 1923.

Jón Þorláksson,
frsm. minni hlutans.

Björn Hallsson.